

115

25. ág.

4. gr.

Hreppsnefndin í Borgarfjarðarhreppi skal hafa eftirlit með því, að samþykkt þessari sje hlýtt og greiðist kostnaður við eftirlitið úr sveitarsjóði.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 25. ágúst 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson,

116

1 sept.

Samþykkt

um kynbætur hesta í Austur-Húnavatnssýslu.

Sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 34, 11. des. 1891 og lögum nr. 51, 20. des. 1901 gert eftirfylgjandi

Samþykkt.

1. gr.

Til þess að hafa eftirlit með að reglum þeim, sem settar eru í samþykkt þessari, verði hlýtt, útnefnir sýslumaður einn mann í hverjum hreppi til 3ja ára í senn. Í hvers árs lok skulu eftirlitsmenn þessir gefa sýslumanni skýrslur um störf sín hið liðna ár.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd samþykktar þessarar greiðist úr sveitarsjóði, sem þó ekki má fara fram yfir 50 auru fyrir hvern búanda á svæði eftirlitsmanns og aldrei má eftirlitsmaður reikna sjer meiri þóknun en sem svarar 2 kr. fyrir hvern heilan dag, sem hann gegnir eftirlitsstörfum utan heimilis síns.

3. gr.

116

1. sept.

Skyldir eru hrossaeigendur að sýna eftirlitsmanni, þegar hann óskar þess með hæfilegum fyrirvara, alla sína ógelta fola á heimili hrossaeigenda. Eftirlitsmaður skal svo árlega velja nægilega marga fola til undaneldis af þeim sem hæfastir eru. Heimilt er hreppsnefnd eftir tillögum eftirlitsmanns, að borga af sveitarsjóði hæfilega þóknun fyrir notkun kynbótafola 4 vetra eða eldri.

4. gr.

Við val á undaneldisfolum skal eftirlitsmaður sjerstaklega leggja áherslu á þessi atriði:

a. Að þeir sjeu ekki getnir af of skyldum foreldrum t. d. móður og syni eða systkinum og að þeir sjeu af holdsömu, hraustu og viljagóðu kyni.

b. Að þeir hafi hreinan gang, vekurð eða klárgang, og að sá gangur sje ættgengur, helst í báðar ættir.

c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, samt ekki hvítir og alls ekki glaseygðir eða af glaseygðu kyni.

d. Að þeir sjeu gjörvulegir á vöxt, hausfriðir, kjálkaþykkir, makkaháir, bogmektir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, beinhryggjaðir, lendbreiðir, vöðvaþykkir, snögg og þjetthærðir (selhærðir), prúðir á fax og tagl, rjetthælðir og hófarnir svartir eða öskulitir og pung- og cystnasiðir.

e. Að þeir sjeu ekki undan yngri hryssum en 5 vetra og ekki eldri en 16 vetra.

5. gr.

Eftirlitsmaður skal skrifa upp lit, aldur og mark á öllum þeim folum, sem hann velur til undaneldis og brennimerkja þá með brennimarki hreppsins á hægra framhóf, en með K.b. á vinstra framhóf. Enga aðra fola, en þá, sem eftirlitsmaður hefir valið til kynbóta, má merkja með þessu brennimarki.

6. gr.

Alla aðra fola skal gelda áður en þeir eru 2ja vetra ef það er unt skapn- aðarvegna. Laungröðum hestum, sem ekki verða algeltir, eru eigendur skyldir vð farga svo fljótt sem unt er.

7. gr.

Nú vanrækir einhver að gelda hest, samkvæmt 6. gr., og hann hittist gæslulaus annarsstaðar, en í landi eiganda, skal hann þá afhentur hreppstjóra, sem lætur gelda hann svo fljótt sem verða má, á kostnað og ábyrgð eiganda og meðhöndlar hann svo sem óskilafje.

1916

270

116

8. gr.

1. sept.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 2 til 50 kr., og rennur annar helmingur þeirra í sveitarsjóð en hinn til uppljóstrarmanns.

9. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með samþykkt þessari er samþykkt um kyubætur hesta fyrir Húnavatns-sýslu frá 4 maí 1908 numin úr gildi hvað Austur-Húnavatnssýslu snertir.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. september 1916.

Einar Arnórsson

Jón Hermannsson.